

KJARASAMNINGUR

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs

og

Félag íslenskra listamanna í sviðslitum og kvikmyndum vegna
leikmynda- og búningahöfunda hjá Íslenska dansflokknum

Efnisyfirlit		Bls.
1	Ráðning	1
1.1	Ráðning	1
1.2	Verksvið, ábyrgð og skyldur leikmynda-/búningahöfundar.....	1
1.3	Höfundarréttur og önnur réttindi leikmynda-/búningahöfundar.....	2
1.4	Breytingar og eftirlit	2
2	Launagreiðslur	3
2.1	Mánaðarlaun og launaflokkar	3
2.2	Mánaðafjöldi og tímakaup	3
2.3	Dagvinnutímakaup	4
2.4	Yfirvinnukaup	4
2.5	Stórhátíðarkaup	4
2.6	Greiðsla fyrir sýningar	4
2.7	Gjalddagi launa	4
2.8	Veikindi, andlát eða hætt við verkefni	4
3	Orlofsfé	5
3.1	Orlofsfé	5
3.2	Áunninn orlofsréttur.....	5
3.3	Orlofssjóður	5
4	Lífeyrissjóður og félagsaðild	6
4.1	Lífeyrissjóður	6
4.2	Félagsgjald	6
5	Atvinnurekendagjöld	7
5.1	Sjúkrasjóðsgjald.....	7
5.2	Orlofssjóðsgjald	7
5.3	Starfsmenntunarsjóður.....	7
5.4	Starfsþróunarsetur háskólamanna	7
6	SLYSATRYGGING	8
6.1	Slysatrygging	8
7	Forgangsréttur til starfa	9
7.1	Forgangsréttur til starfa.....	9
8	GILDISTÍMI	10
8.1	Gildistími.....	10
8.2	Samningsforsendur og atkvæðagreiðsla	10

Skáletraður texti og afmarkaður með ramma er hafður til skýringar

1 Ráðning

1.1 Ráðning

- 1.1.1 Leikmynda-/búningahöfundur skal ráðinn með skriflegum ráðningarsamningi. Í ráðningarsamningi skal m.a. koma fram fyrirhugaður skiladagur líkans og vinnuteikninga, æfingatímabil dansverks og frumsýningardagur. Í ráðningarsamningi skal koma fram hver er verkefnastjóri og ábyrgðaraðili á framleiðslu leikmynda og/eða búninga.
- 1.1.2 Samið skal sérstaklega um launagreiðslur fyrir hvert verk með tilliti til þeirrar ábyrgðar og vinnu sem leikmynda-/búningahöfundur tekur að sér. Mat verkefnis annast framkvæmdastjóri ÍD eða listdansstjóri og leikmynda- og búningahöfundur að höfðu samráði við danshöfund.
- 1.1.3 Leikmynda-/búningahöfundur skal undirrita samning eigi síðar en 3 mánuðum áður en æfingatímabil hefst eða um leið og ráðning fer fram.
- 1.1.4 Leikmynda-/búningahöfundur skal eiga þess kost, að velja sér hæfan aðstoðarmann í viðameiri verkefni í samráði við ÍD enda hafi verið gert ráð fyrir því í upphafi eða önnur rök mæla sérstaklega með því.

1.2 Verksvið, ábyrgð og skyldur leikmynda-/búningahöfundar

- 1.2.1 Verksvið leikmynda-/búningahöfundar er:
1. Að vinna ásamt danshöfundi hina mótandi hugmyndavinnu sýningar.
 2. Að leggja fram vinnu- og/eða búningateikningar og fullnægjandi líkan sé þess óskað.
 3. Að hafa umsjón og eftirlit með allri útfærsluvinnu við gerð leikmynda og/eða búninga og skráningu í samvinnu við verkefnisstjóra áður en að frumsýningu kemur.
 4. Að sitja dans - og tækniæfingar eins og þörf krefur.
 5. Að sitja undirbúnings- og framleiðslufundi eins og þörf krefur og ÍD óskar eftir.
 6. Ljósmyndun og skráning búninga (heildarútlit dansara) ásamt upplýsingum um hvað er eign og hvað er lán, í samvinnu við verkefnastjóra.
- 1.2.2 ÍD greiðir allan útlagðan kostnað, svo sem vegna vinnslu líkans, vinnu- og búningateikninga og kostnaðar vegna aksturs enda séu lagðir fram reikningar því til staðfestingar. Um annan útlagðan kostnað skal semja í ráðningarsamningi.
- 1.2.3 Leikmynda-/búningahöfundur er óheimilt að stofna til fjárhagslegra skuldbindinga varðandi verkefni án samþykkis framkvæmdastjóra ÍD.

1.3 Höfundarréttur og önnur réttindi leikmynda-/búningahöfundar

- 1.3.1 Leikmynda-/búningahöfundur á höfundarrétt á verki sínu skv. almennum reglum um hugverkarétt og hefur ÍD aðeins rétt til að sýna verk hans á leiksviðum þess og í kynningum svo og í sýningaferðum á þess vegum enda hafi verið haft fullt samráð við leikmynda-/búningahöfund með hvaða hætti það sé. ÍD er þó heimilt að endurvinna/endurnota flíkur og efni í önnur verk með sjálfbærni að leiðarljósi.
- 1.3.2 Allur afrakstur vinnu og verka hönnuðar við verkið verður sjálfkrafa eign ÍD. Íslenska dansflokknum er óheimilt að lána eða leigja út verk leikmynda- og búningahöfundar í heild sinni að sýningum loknum nema með samþykki hans enda skal áður samið um endurgjald til hans.
- 1.3.3 ÍD ábyrgist að verki leikmynda-/búningahöfundar verði ekki breytt eða því raskað frá því sem var við frumsýningu án samráðs við hann.
- 1.3.4 Líkan og teikningar eru eign leikmynda-/búningahöfundar og skal þeim skila þegar verkefni er tekið af sýningarskrá.
- 1.3.5 Þar sem aðstandenda viðkomandi sýningar er getið í kynningu eða auglýsingum ÍD, skal nafn leikmynda-/búningahöfundar koma fram, nema hann samþykki annað.
- 1.3.6 ÍD skal láta leikmynda-/búningahöfundi í té góðar ljósmyndir af leikmyndum og búningum án endurgjalds. Hann skal auk þess eiga aðgang að myndbandsupptöku af verkinu sé um slíkt að ræða.

1.4 Breytingar og eftirlit

- 1.4.1 Sé um að ræða breytingu á verkefni eða vinnslu verkefnis, svo sem verulega frestun á frumsýningu, þ.e. um 3 vikur eða meira, skal greiða sérstaklega við lokauppgjör fyrir þá aukningu á vinnuframlagi sem slíkt kann að skapa.
- 1.4.2 Taki nýir dansarar við hlutverkum eftir frumsýningu, skal hafa samráð við búningahöfund. Semja skal sérstaklega um greiðslu til hans ef þörf er á að hanna nýja búninga.
- 1.4.3 Fyrir vinnu við breytingar á leikmynd og búningum vegna sýningaferða, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í upphafi, eða flutnings á sýningu milli sviða, skal semja sérstaklega við leikmynda-/búningahöfund.
- 1.4.4 Ef verk er tekið aftur til sýningar eftir nokkurt hlé og slíkt kallar á vinnu af hálfu leikmynda-/búningahöfundar, skal semja sérstaklega um greiðslu.
- 1.4.5 Leikmynda-/búningahöfundi ber einnig að fylgjast með sýningum á verkinu án þess þó að honum sé skylt að vera viðstaddur hverja sýningu.

2 Launagreiðslur

2.1 Mánaðarlaun og launaflokkar

2.1.1 Mánaðarlaun leikmynda-/búningahöfundar skulu greidd samkvæmt neðan greindum launatöflum:

Mánaðarlaun starfsmanns sem gegnir fullu starfi, skulu frá og með 1. apríl 2024 greidd samkvæmt meðfylgjandi launatöflu (sjá fylgiskjal) sem tekur eftirfarandi breytingum á samningstímanum, nema annað leiði af launatöflum:

1.4.2024 3,25% eða 23.750 kr.

1.4.2025 3,50% eða 23.750 kr.

1.4.2026 3,50% eða 23.750 kr.

1.4.2027 3,50% eða 23.750 kr.

2.1.2 Launataflan skiptist í 8 launaflokka sem miðast við faglega reynslu:

1. þrep byrjunarlaun

2. þrep eftir 4 uppsetningar

3. þrep eftir 7 uppsetningar

4. þrep eftir 12 uppsetningar

5. þrep eftir 18 uppsetningar

6. þrep eftir 24 uppsetningar

7. þrep eftir 30 uppsetningar

8. þrep eftir 35 uppsetningar

9. þrep eftir 40 uppsetningar

2.1.3 Með faglegri reynslu er átt við tilgreindan fjölda verkefna við sviðslistastofnanir, með sjálfstæðum atvinnusviðslistahópum, í sjónvarpi eða kvikmyndum. Leikmynda-/búningahöfundur skal leggja fram fullnægjandi gögn til staðfestingar starfsreynslu sinni.

2.2 Mánaðarfjöldi og tímakaup

2.2.1 Umfang verkefna er misjafnt sbr. grein 1.1.2. Hér eru tilgreind viðmið en horfa skal sérstaklega til fjölda búninga og umfangs leikmyndar í hverju verkefni.

Sviðssetning 1 Hefðbundin uppfærsla í fullri lengd skal nema að lágmarki fernum mánaðarlaunum fyrir leikmynd og búninga. Hér er átt við meðalumfang í búningum og lágmarksumfang leikmyndar. Ef umfang leikmyndar er meira skal semja sérstaklega um það. Ef tveir eru ráðnir skulu að lágmarki 6 mánuðir skiptast á milli tveggja.

Sviðssetning 2 Styttri sýning eða önnur óhefðbundin og umfangslítill verkefni. Verk sem deila sýningartíma með öðrum (sbr. double bill) skal nema að lágmarki þrennum mánaðarlaunum, Sé umfang og eðli sýningar meira skal færa viðmið mánaðarfjölda til jafns við Sviðssetningu 1.

Sviðssetning 3 Sérstaklega umfangsmikil og vandasöm sýning fyrir stór svið. Sé einn höfundur ráðinn til að vinna bæði leikmynd og búninga skal greiðsla nema að lágmarki 5 mánuðum. Sé umfang leikmynda verulegt skal semja sérstaklega um fjölda mánaðarlauna í samráði ÍD, höfundar og fulltrúa FÍL. Séu tveir höfundar ráðnir skal semja sérstaklega um mánaðarfjölda út frá umfangi hvers verkþáttar.

Sviðssetning 4 Vinna við viðburði eða önnur óhefðbundin og/eða umfangslítill verkefni sem falla ekki undir hefðbundið æfinga- og sýningarferli er heimilt að greiða fyrir með tímakaupi. Taka skal tilliti til undirbúningsvinnu þegar tímar eru teknir saman.

2.2.2 Fyrir útfærsluvinnu greiðist yfirvinnukaup í hinu umsamda launaprepi. Ef umfang er mikið má greiða hlutfall af mánaðarlaunum eftir samkomulagi.

2.3 Dagvinnutímakaup

2.3.1 Dagvinnutímakaup skal reiknað sem 0,615% af mánaðarlaunum viðkomandi starfsmanns.

2.4 Yfirvinnukaup

2.4.1 Yfirvinnukaup skal reiknað sem 1,0385% af mánaðarlaunum viðkomandi starfsmanns.

2.5 Stórhátíðarkaup

2.5.1 Stórhátíðarkaup skal reiknað sem 1,375% af mánaðarlaunum viðkomandi starfsmanns.

2.6 Greiðsla fyrir sýningar

2.6.1 Greiða skal höfundalaun fyrir hverja sýningu verksins. Greiðsla skal vera 1,9% af mánaðarlaunum leikmynda-/búningahöfundar.

2.7 Gjaldlagi launa

2.7.1 Laun greiðast mánaðarlega eftir á, frá ráðningardegi eða skv. samkomulagi.

2.8 Veikindi, andlát eða hætt við verkefni

2.8.1 Verði leikmynda-/búningahöfundur veikur eða hann andast eftir að æfingar eru hafnar, á hann eða dánarbú hans rétt á að halda þeim launum sem fallin eru í gjalddaga. Veikist leikmynda-/búningahöfundur hins vegar eða hann andast svo nálægt frumsýningu að unnt sé að ljúka æfingum og frumsýna verkið eftir hugmyndum hans, skal hann eða dánarbú hans eiga rétt á fullum launum.

2.8.2 Verði hætt við verkefni, án þess að leikmynda-/búningahöfundur eigi þar sök á, ber ráðningaraðilum að semja sérstaklega um launagreiðslur.

3 Orlofsfé

3.1 Orlofsfé

3.1.1 Greiða skal 13,04% orlofsfé á öll laun skv. samningi þessum.

3.1.2 Persónuuppbót og orlofsuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2026 114.000 kr.

Á árinu 2027 118.000 kr.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2026 62.000 kr.

Á árinu 2027 64.000 kr.

3.1.3 Hinn 1. júní ár hvert skal starfsmaður sem er í starfi til 30. apríl næst á undan, fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót, er miðast við fullt starf næstliðið orlofsár. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Hafi starfsmaður látið af störfum á orlofsárinu vegna aldurs eða eftir a.m.k. 3 mánaða/13 vikna samfelt starf á orlofsárinu, skal hann fá greidda orlofsuppbót hlutfallslega miðað við unninn tíma og starfshlutfall. Sama gildir ef starfsmaður var frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu stofnunar lýkur eða vegna fæðingarorlofs allt að 6 mánuðum.

Orlofsuppbót er föst fjárhæð og tekur ekki breytingum samkvæmt öðrum ákvæðum samningsins. Á orlofsuppbót reiknast ekki orlofsfé. Áunnin orlofsuppbót skal gerð samhliða starfslokum.

3.2 Áunninn orlofsréttur

3.2.1 Greiða skal dánarbúi áunninn orlofsrétt látins starfsmanns.

3.3 Orlofssjóður

3.3.1 Ríkissjóður greiðir sérstakt gjald í Orlofssjóð BHM. Gjald þetta skal nema 0,25% af heildarlaunum félagsmanna BHM í þjónustu ríkisins. Gjaldið skal greiða mánaðarlega eftir á skv. útreikningi launagreiðanda.

4 Lífeyrissjóður og félagsaðild

4.1 Lífeyrissjóður

- 4.1.1 Launagreiðandi greiðir 11,5% framlag af heildarlaunum leikmynda-/búningahöfundar skv. samningi þessum í Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda eða annan lífeyrissjóð, sem leikmynda-/búningahöfundur á aðild að, á móti 4% iðgjaldi hans.
- 4.1.2 Nýti leikmynda-/búningahöfunda lögbundinn rétt sinn til séreignarsparnaðar, greiðir vinnuveitandi mótframlag til jafns á móti séreignarsparnaði leikmynda-/búningahöfundar, allt að 2%.

4.2 Félagsgjald

- 4.2.1 Launagreiðandi innheimtir félagsgjald (1%) af heildarlaunum félagsmanna skv. samningi þessum og stendur skil á því mánaðarlega Félags Íslenskra listamanna í sviðslistum og kvikmyndum. Einnig skal greiða félagsgjald til BHM skv. reglum sem gilda hverju sinni.

5 Atvinnurekendagjöld

5.1 Sjúkrasjóðsgjald

5.1.1 Launagreiðandi skal greiða mánaðarlega 1% af heildarlaunum félagsmanna skv. samningi þessum í Sjúkrasjóð BHM.

5.2 Orlofssjóðsgjald

5.2.1 Launagreiðandi skal greiða mánaðarlega 0,25% af heildarlaunum félagsmanna skv. samningi þessum í orlofssjóð BHM.

5.3 Starfsmenntunarsjóður

5.3.1 Launagreiðandi skal greiða mánaðarlega 0,22% af heildarlaunum félagsmanna skv. samningi þessum í Starfsmenntunarsjóð BHM.

5.4 Starfsþróunarsetur háskólamanna

5.4.1 Vinnuveitandi greiðir mánaðarlega framlag til Starfsþróunarseturs háskólamanna er nemi 0,7% af heildarlaunum félagsmanna.

6 SLYSATRYGGING

6.1 Slysatriyggung

- 6.1.1 Ríkissjóður ábyrgist að leikmynda-/búningahöfundur sé tryggður vegna slysa sem hann kann að verða fyrir við störf sín fyrir Íslenska dansflokkinn, þ. á m. vegna eigin gáleysis á æfingum að undanskildum slysum sem rekja má til neyslu vímugjafa. Um bótafjárhæðir og skilmála fer skv. ákvæðum í samningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og aðildarféлага BHM á hverjum tíma.

7 Forgangsréttur til starfa

7.1 Forgangsréttur til starfa

- 7.1.1 Aðilar eru sammála um að stéttarfélagsbundnir leikmynda-/búningahöfundar sitji fyrir verkefnum að öðru jöfnu. Sé ráðinn utanfélagsmaður skal samningur þessi lagður til grundvallar.

8 GILDISTÍMI

8.1 Gildistími

8.1.1 Kjarasamningur þessi gildir frá 1. janúar 2026 til 31. mars 2028 og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

8.2 Samningsforsendur og atkvæðagreiðsla

8.2.1 Kjarasamningur þessi er gerður í kjölfar kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í mars 2024. Komi til þess að launa- og forsendunefnd ASÍ og SA ákveði launa- eða kjarabreytingar vegna forsendubrests skulu aðilar taka upp viðræður um með hvaða hætti slík breyting gildi fyrir samning þennan. Slíkar breytingar skulu skila sambærilegum kjarabreytingum og á almennum markaði enda feli þær ekki í sér breytingar á kjörum sem þegar er að finna í kjarasamningi aðila.

Komi til þess að kjarasamningum á almennum markaði verði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa er hvorum aðila heimilt að segja samningi þessum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til samþykktar, ásamt bókunum og fylgiskjölum. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 12:00 þann 30. desember 2025 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 17. desember 2025

f.h. fjármála- og efnahagsráðherra
með fyrirvara um samþykki

Halldóra Friðjónsdóttir [sign.]
Guðný Einarsdóttir [sign.]
Bergþór H. Jónasson [sign.]

f.h. Félags Íslenskra listamanna í sviðslistum
og kvikmyndum vegna leik- og
búningahöfunda hjá Íslenska dansflokknum
með fyrirvara um samþykki

Birna Hafstein [sign.]
Hrafnhildur Theodórsdóttir [sign.]

Bókanir
með samkomulagi fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og
Félags íslenskra listamanna í sviðslistum og kvikmyndum vegna leikmynda-
og búningahöfunda hjá Íslenska dansflokknum
hins vegar
dags. 17. desember 2025

Bókun 1

Vegna greinar 1.2.2 skal áréttað að vinnuveitandi og starfsmaður eigi samtal um þann útlagða kostnað sem vinnan útheimtir. Sérstaklega skal horfa til kostnaðar við tölvu- og hugbúnað sem leikmynda- og búningahöfundar nýta við störf sín.

Fylgiskjal
með samkomulagi fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og
Félags íslenskra listamanna í sviðslitum og kvikmyndum vegna leikmynda-
og búningahöfunda hjá Íslenska dansflokknum
hins vegar
dags. 17. desember 2025

Launatöflur sem gilda á samningstímanum.

Launatafla gildir frá 1.janúar 2026

Þrep	
1	721.394
2	741.182
3	761.566
4	782.560
5	804.185
6	826.458
7	849.399
8	873.028
9	897.315

Launatafla gildir frá 1.apríl 2026

Þrep	
1	746.642
2	767.123
3	788.221
4	809.950
5	832.332
6	855.384
7	879.128
8	903.584
9	928.721

Launatafla gildir frá 1.apríl 2027

Þrep	
1	772.775
2	793.973
3	815.809
4	838.298
5	861.463
6	885.323
7	909.897
8	935.209
9	961.226

Viðauki

Launatöfluauki fyrir kjarasamningstímabilið 2024–2028

Tekinn skal upp launatöfluauki fyrir stéttarfélagið á kjarasamningstímabilinu 2024–2028. Launatöfluauka er ætlað að stuðla að því að þróun launakostnaðar starfsfólks á opinberum markaði innan vébanda hlutaðeigandi heildarsamtaka haldi að jafnaði í við þróun launakostnaðar sambærilegra hópa á almennum markaði en honum er ekki ætlað að tryggja þróun launakostnaðar einstakra stéttarféлага eða starfsmanna. Samanburðarhópar á almennum markaði eru tilgreindir með bálkum Íslenskrar starfaflokkunar Hagstofu Íslands (ÍSTARF) á tilgreindu tímabili. Launatöfluauki hefur ekki áhrif á umsamdar launahækkanir í kjarasamningum. Áhrif launabreytinga í tengslum við útfærslu 7. gr. samkomulags um breytingar á skipan lífeyrismála opinbers starfsfólks frá árinu 2016, hafa eftir atvikum ekki áhrif til lækkunar á launatöfluauka.

Samanburðarhópar heildarsamtaka

Bera skal saman þróun á launakostnaði þeirra heildarsamtaka ríkisstarfsfólks sem stéttarfélagið á aðild að, við þróun launakostnaðar sambærilegra stétta á almennum markaði. Samanburðarhópar heildarsamtaka eru sem hér segir:

Heildarsamtök	Launagreiðandi	Stétt á almennum markaði
BHM	Ríki	Sérfræðingar (ÍSTARF bálkur 2)
KÍ	Ríki	Sérfræðingar (ÍSTARF bálkur 2)
BSRB	Ríki	45% tækna- og sérmenntaðir (ÍSTARF bálkur 3), 35% Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk (ÍSTARF bálkur 5), 15% skrifstofufólk (ÍSTARF bálkur 4) og 5% sérfræðingar (ÍSTARF bálkur 2)
ASÍ	Ríki	50% verkafólk (ÍSTARF 7,8,9 og stöðutala 0,1) 43% Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk (ÍSTARF bálkur 5), 7% iðnaðarmenn (ÍSTARF 7 og stöðutala 2,3)

Viðmiðunartímabil og uppgjör launatöfluauka

Á gildistíma kjarasamningsins skal í þrjú skipti bera saman þróun á launakostnaði milli markaða þar sem upphaf tímabils í öllum mælingum er desember 2023. Þá skal horft til þróunar tímakaups reglulegra launa (launavísitölu Hagstofu Íslands) á viðmiðunartímabilinu en að undanskildum hækkunum tengdum útfærslu 7 gr. samkomulagsins. Auk þess skal horft til þróunar annars launakostnaðar sem samið er um í kjarasamningi og reiknast almennt til kostnaðar við kjarasamningsgerð s.s. hækkun iðgjalda í sjóði, breytinga á vinnufyrirkomulagi eða réttindum.

Mældur launatöfluauki miðast við útreikninga á breytingum á launavísitölu og launakostnaði sem hér segir:

Viðmiðunartímabil	Breytt launatafla tæki gildi
desember 2023 – desember 2024	1. september 2025
desember 2023 – desember 2025	1. september 2026
desember 2023 – desember 2026	1. september 2027

Leiði niðurstöður mælinga til breytinga á launatöflu tekur breytt launatafla gildi samkvæmt ofangreindu.

Forsenda launatöfluauka

Forsenda þess að uppgjör launatöfluauka taki gildi er að fyrir liggja samþykktur kjarasamningur á ofangreindu viðmiðunartímabili og að kjarasamningsbundnar hækkanir hafi verið greiddar út á því tímabili. Þannig kemur ekki til uppgjors launatöfluauka hafi samningar ekki náðst og komið til útgreiðslu kjarasamningsbundinna launahækkana innan viðmiðunartímabils.

Nefnd um launatöfluauka

Heildarsamtök launafólks (BHM, KÍ, BSRB og ASÍ), Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga skulu skipa hvert um sig einn aðalfulltrúa og einn til vara en ríki tvo og tvo til vara, í nefnd sem hefur það hlutverk að skilgreina nánar hvaða forsendur verði lagðar til grundvallar mælingum á þróun launakostnaðar á milli markaða. Fulltrúi ríkisins stýrir fundum nefndarinnar en nefndarmaður getur óskað eftir aðkomu og fundarstjórn ríkissáttasemjara og skal verða við því.

Nefndin skal yfirfara og staðfesta niðurstöður útreikninga hvers tímabils vegna mögulegs launatöfluauka hvers hóps ríkisstarfsmanna út frá:

1. þróun launavísitölu viðkomandi hóps m.v. þróun launavísitölu samanburðarhóps á almennum markaði að undanskildum áhrifum af útfærslu 7 gr. samkomulagsins
2. þróun annars launakostnaðar á milli markaða sem reiknast almennt til kostnaðar við kjarasamningsgerð

Nefndin skal leita eftir samstarfi við stjórnvöld m.a. um söfnun og vinnslu upplýsinga og meta hvort tilefni sé til að endurmeta vogir samanburðarhópa eða taka til skoðunar óvæntar breytingar í launavísitölu sem rekja megi til annarra þátta en launa eða raunverulegs vinnuframlags. Auk þess sem nefndin skal setja sér nánari starfsreglur.

Reikningur launatöfluauka

Komi í ljós að mæld þróun launakostnaðar hlutaðeigandi heildarsamtaka sé lakari en hjá samanburðarhópnum á almennum vinnumarkaði sbr. framangreinda töflu og mismunurinn er yfir 0,5% skal launatafla skv. gr. 1.1.1 hækkuð sem nemur 80% af mældum mismun. Sé þróunin lakari á síðasta viðmiðunartímabilinu þá fellur niður skilyrði um mismun yfir 0,5% og launataflan skv. gr. 1.1.1 hækkuð sem nemur 90% af mældum mismun þann 1. september 2027. Þessi tilhögun, að bæta aðeins tiltekið hlutfall, er valin í ljósi þess að launaþróun liðins tíma og launaþróun viðkomandi hóps gæti hafa breyst frá því tímabili sem mælingin tekur til. Verði þróunin aftur á móti opinberum starfsmönnum í hag skal ekkert aðhafst.

Ef heildarfjöldi ársverka stéttarfélaganna sem eiga rétt á launatöfluauka, í samræmi við skilgreiningar hér að ofan, er undir 80% af heildarfjölda ársverka hlutaðeigandi heildarsamtaka skal vigta mismun í þróun launakostnaðar á milli markaða með hlutfalli þeirra ársverka stéttarfélaganna sem rétt eiga á launatöfluauka með heildarfjölda ársverka hlutaðeigandi heildarsamtaka. Miða skal við ársverk á síðastliðnu almanaksári. Þessi tilhögun sem felur í sér að vigta mismuninn er gerð til að fyrirbyggja ofgreiðslu launatöfluauka sem rekja mætti til þess að hlutfall þess félagsfólks með samþykktan kjarasamning og útgreidda kjarasamningsbundna hækkun væri lágt þannig að verulegt ofmat yrði á mismuni á þróun launakostnaðar á milli markaða.

Sýnidæmi um fyrirkomulag á launatöfluauka – mat og uppgjör

	Stétt/ Almennur markaður	Bandalag / Opinber launagreiðandi
Vísitala launakostnaðar í desember 2023	100	100
Hækkun reglulegra launa (launavísitölu) skv. mati Hagstofu Íslands	16,5%	12,5%
Hækkun launa v/ útfærslu 7 gr. samkomulagsins		-0,2%
Hækkun á launakostnaði s.s. framlag í orlofssjóð	0,1%	0,5%
Vísitala launakostnaðar síðasta desember mánaðar	116,6	112,8
Mismunur, % (116,6/112,8-1)		3,37%
Launatöfluauki (80% af mismuni)		2,70%

Sýnidæmi um fyrirkomulag á launatöfluauka ef 70% eiga rétt á launatöfluauka – mat og uppgjör

	Stétt/ Almennur markaður	Bandalag / Opinber launagreiðandi
Vísitala launakostnaðar í desember 2023	100	100
Hækkun reglulegra launa (launavísitölu) skv. mati Hagstofu Íslands	16,5%	12,5%
Hækkun launa v/ útfærslu 7 gr. samkomulagsins		-0,2%
Hækkun á launakostnaði s.s. framlag í orlofssjóð	0,1%	0,5%
Vísitala launakostnaðar síðasta desember mánaðar	116,6	112,8
Mismunur, % (116,6/112,8-1)		3,37%
Vigtun m.v. hlutfall samþykkttra samninga og réttar til launatöfluauka (70%)		2,36%
Launatöfluauki (80% af mismuni)		1,89%